

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjors

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	31. maí 2024
Svið:	
Unnið af:	Birkir Ingibjartsson
Verkefni/tillaga:	Merkja gangbrautir betur og afmarka bílastæði í götum
Þjónustupáttur:	Endurbætur
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	25.000.000 kr/ári
Annað:	

### Jafnréttisskímun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Merkingar við margar þeirra gangbrauta sem finna má í hverfinu er ábótavant. Bæta þarf merkingar við þær en einnig að tryggja að sjónlínur við þær séu tryggðar. Víða eru bílastæði alveg næst gangbrautum en ættu að lágmarki að vera í 5-10 metra fjarlægð frá þeim stað þar sem óvarðir vegfarendur þvera göturnar. Við slíkar aðstæður ætti að fjarlægja bílastæði næst gangbrautum til að bæta umferðaröryggi. Samhliða bættum merkingum við gangbrautir mætti víða í hverfinu afmarka betur bílastæði sem eru í götum, ýmist með bættum yfirborðsmerkingum eða að bílastæðin séu betur afmörkuð t.d. með gróðurreitum / götutrjám.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Nei
<b>Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.</b>
Allir íbúar hverfisins.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.</b>
Góðar og öruggar gangbrautir og götupveranir í tengslum við stígakerfi hverfisins eru lykilatriði í að tryggja að fólk nýti virka ferðamáta í sem mestum mæli. Það nýtist ekki síst þeim sem yngri eru og gerir allt hverfið aðgengilegra fyrir þau.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?<sup>1</sup>

-

---

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.